

Farmverndaráætlanir

(áætlanir um öryggisráðstafanir vegna farmverndar)

Tölvukerfi farmverndar

Ýtarlegar leiðbeiningar fyrir forráðamenn

EFNISYFIRLIT

I.	I. Almenn	3
1.	Notkun og tilgangur þessara leiðbeininga	3
2.	Helstu hugtök í tengslum við farmverndaráætlanir	3
3.	Farmverndaráætlun – vinnulag forráðamanns	3
II.	Tölvukerfi – breytingar á heimasvæði á forráðamanns	4
1.	Valrönd – nýr liður sem heitir farmverndaráætlanir	4
2.	Valrönd – farmverndaráætlanir - vinnuleiðir	4
III.	Grunnáætlun – farmverndaráætlun fyrirtækisins	5
A.	Forráðamaður fyllir út grunnáætlun	5
1.	Opna grunnáætlun	5
2.	Forráðamaður kynnir sér reglur um farmvernd	6
3.	Farmverndaráætlun haus	6
4.	Farmverndaráætlun – spurningalisti - almennt	6
5.	Farmverndaráætlun – spurningalisti – spurningar númer 13 um lausan farm	7
6.	Farmverndaráætlun – spurningalisti – spurning númer 18	7
7.	Farmverndaráætlun – spurningalisti – spurning númer 19	7
B.	Forráðamaður sendir farmverndaráætlun til tollstjóra	7
1.	Yfirlit yfir farmverndaráætlanir	7
2.	Farmverndaráætlun – breytt útlit	7
C.	Tollstjóri gerir athugasemdir við farmverndaráætlun	8
1.	Eldri farmverndaráætlun felld úr gildi – ný áætlun kemur í staðinn	8
2.	Yfirlit yfir farmverndaráætlanir	9
3.	Farmverndaráætlun - útlit	10
D.	Tollstjóri samþykkir farmverndaráætlun	10
1.	Tölvupóstur	10
2.	Yfirlit yfir farmverndaráætlanir og útlit farmverndaráætlunar	10
IV.	Starfsstöðvar og starfsstöðvaráætlanir	10
A.	Almennt	11
1.	Starfsstöð	11
2.	Starfsstöð með aðsetur á lögheimili fyrirtækis	11
3.	Starfsstöð sem ekki er með aðsetur á lögheimili fyrirtækis	11
4.	Starfsstöðvaráætlun	11
B.	Forráðamaður skráir upplýsingar um starfsstöð	11
1.	Ekki hægt að skrá starfsstöð fyrr en tollstjóri er búinn að samþykkja grunnáætlun	11
2.	Forráðamaður tengist heimasvæði	11
3.	Vinnuleið á vef farmverndar	12
4.	Skrá aðsetur starfsstöðvar og senda upplýsingar til tollstjóra	12
C.	Forráðamaður fyllir út starfsstöðvaráætlun	12
1.	Skrá starfsstöðvaráætlun	12
D.	Forráðamaður sendir starfsstöðvaráætlun til tollstjóra	13
1.	Starfsstöðvaráætlun send til tollstjóra	13
2.	Starfsstöðvaráætlun – breytt útlit	13
3.	Yfirlit yfir grunnáætlanir og starfsstöðvaráætlanir	13
E.	Yfirlit yfir starfsstöðvar og skoða starfsstöðvar nánar	13
F.	Tollstjóri yfirfer upplýsingar um aðsetur starfsstöðvar	14
1.	Tollstjóri samþykkir upplýsingar um aðsetur starfsstöðvar	14
2.	Tollstjóri gerir athugasemdir við upplýsingar um aðsetur starfsstöðvar	15
3.	Forráðamaður leiðréttir upplýsingar um aðsetur starfsstöðvar	15
G.	Tollstjóri yfirfer upplýsingar um starfsstöðvaráætlun	16
1.	Tollstjóri samþykkir upplýsingar um starfsstöðvaráætlun	16
2.	Tollstjóri gerir athugasemdir við starfsstöðvaráætlun	16

I. I. ALMENNT

1. NOTKUN OG TILGANGUR ÞESSARA LEIÐBEININGA

Í þessum leiðbeiningum er gerð grein fyrir grunnatriðum, sem snerta farmverndaráætlanir á vefsvæði farmverndar.

Þessar leiðbeiningar eru hugsaðar sem yfirlit yfir farmverndaráætlanir á vefsvæði farmverndar en ekki sem tæmandi leiðbeiningar. Þeim er ætlað að hjálpa forráðamönnum að stíga fyrstu skrefin og fá heildarmynd af þeim hluta af vefsvæði farmverndar, sem á við um farmverndaráætlanir.

Eftir að heildarmyndin er fengin og notandinn er byrjaður að vinna á vefsvæðinu, getur hann smellt á hjálpartáknið **i** í skjámyndum og náð þannig í nákvæmar leiðbeiningar um einstakar skjámyndir og önnur atriði, sem tengjast farmverndaráætlunum. Leiðbeiningar, sem finna má í einstökum skjámyndum, eru yfirleitt ekki endurteknar hér í skjalinu.

2. HELSTU HUGTÖK Í TENGLUM VIÐ FARMVERNDARÁÆTLANIR

Í upphafi er rétt að gera strax grein fyrir helstu hugtökum, sem notuð eru í umfjöllun um farmverndaráætlanir:

- **Farmverndaráætlun**
Spurningalisti, þar sem forráðamaður farmverndar gerir grein fyrir framkvæmd farmverndar hjá fyrirtækinu.
- **Starfsstöð**
Hver einstakur vinnustaður innan fyrirtækis, þar sem framkvæmd farmverndar á sér stað.
- **Grunnáætlun**
Sá hluti farmverndaráætlunar, sem er sameiginlegur fyrir framkvæmd farmverndar í öllum starfsstöðvum fyrirtækisins.
- **Starfsstöðvaráætlun**
Sá hluti farmverndaráætlunar, sem á eingöngu við um framkvæmd farmverndar í einni tiltekinni starfsstöð fyrirtækisins.

3. FARMVERNDARÁÆTLUN – VINNULAG FORRÁÐAMANNS

Hér á eftir er stutt yfirlit yfir helstu verkefni forráðamanns fyrirtækis í tengslum við farmverndaráætlanir. Einstökum verkefnum er svo lýst nánar annars staðar í leiðbeiningunum.

- **Fylla út grunnáætlun.**
Þegar forráðamaður fær tölvupóst um að fyrirtækið eigi að skila farmverndaráætlun til tollstjóra, er eyðublað vegna grunnáætlunar fyrirtækisins tilbúið á heimasvæði forráðamanns á vef farmverndar. Forráðamaður tengist heimasvæði sínu og opnar eyðublað vegna grunnáætlunar. Þegar forráðamaður er tilbúinn með svör við spurningum í grunnáætluninni, sendir hann áætlunina rafrænt til Tollstjórans í Reykjavík. Engar upplýsingar þarf að senda tollstjóra á pappír.

Ef fyrirtæki er með starfsstöð á lögheimili, er eyðublaðið vegna grunnáætlunar jafnframt notað til að útbúa strax starfsstöðvaráætlun fyrir starfsstöðina á lögheimili. Starfsstöðvaráætlun fyrir starfsstöð á lögheimili er þannig send rafrænt til tollstjóra á sama eyðublaði og grunnáætlunin.

Athuga þarf vel, að með starfsstöð í þessu samhengi, er átt við vinnustað þar sem framfylgja þarf reglum um framkvæmd farmverndar.

Þessu er lýst nánar síðar í leiðbeiningunum.

- **Tollstjóri yfirfer grunnáætlun**
Nú bíður forráðamaður á meðan tollstjóri yfirfer innsend svör.

Ef tollstjóri samþykkir innsenda áætlun, fær forráðamaður tölvupóst þess efnis.

Gerir tollstjóri hins vegar athugasemdir við innsend svör, fær forráðamaður líka tölvupóst þess efnis en þarf nú að endurbæta þau svör, sem tollstjóri gerir athugasemdir við. Forráðamaður sendir síðan endurbætt svör rafrænt til tollstjóra. Farmverndaráætlunin fer sem sagt rafrænt fram og til baka á milli fyrirtækis og tollstjóra þar til hún er orðin rétt þannig að tollstjóri geti samþykkt hana.

Þessu er lýst nánar síðar í leiðbeiningunum.

- **Forráðamaður skráir upplýsingar um starfsstöðvar, sem ekki eru á lögheimili fyrirtækis**

Ef fyrirtæki er með eina eða fleiri starfsstöðvar með aðsetur annars staðar en á lögheimili, þarf forráðamaður að skrá upplýsingar um aðsetur starfsstöðva(r) og fylla út starfsstöðvaráætlun fyrir hverja starfsstöð. Upplýsingar um aðsetur starfsstöðva og starfsstöðvaráætlanir eru sendar rafrænt til tollstjóra. Enginn pappír heldur hér.

Athuga þarf vel, að með starfsstöð í þessu samhengi, er átt við vinnustað þar sem framfylgja þarf reglum um framkvæmd farmverndar.

Mikilvægt: Forráðamaður getur ekki skráð upplýsingar um starfsstöðvar með aðsetur utan lögheimilis fyrr en tollstjóri er búinn að samþykkja grunnáætlun. Hið sama á við um starfsstöðvaráætlanir fyrir starfsstöðvar utan lögheimilis.


Þessu er lýst nánar síðar í leiðbeiningunum.

II. TÖLVUKERFI – BREYTINGAR Á HEIMASVÆÐI Á FORRÁÐAMANNS

1. VALRÖND – NÝR LIÐUR SEM HEITIR FARMVERNDARÁÆTLANIR

Eins og sýnt er í skýringarmynd 1 hér að neðan, er kominn nýr liður í valrönd, sem heitir *Farmverndaráætlanir*. Undir þessum lið eru þær vinnuleiðir, sem forráðamaður þarf að velja, þegar unnið er með farmverndaráætlanir.

Skýringarmynd 1: valrönd



2. VALRÖND – FARMVERNDARÁÆTLANIR - VINNULEIÐIR

Þegar músin er færð yfir nýja liðinn, *Farmverndaráætlanir*, birtast þær vinnuleiðir, sem hægt er að velja um, sbr. skýringarmynd 2 hér að neðan. Vinnuleiðirnar eru:

Á með unnið er með grunnáætlun, eru tveir vinnuleiðir í boði:

- Farmverndaráætlanir
- Starfsstöðvar

Þegar tollstjóri er búinn að samþykkja grunnáætlun, bætist þriðji möguleikinn við (hann er ekki sýndur á skýringarmynd 2 hér að neðan):

- Skrá starfsstöð

Skýringarmynd 2: farmverndaráætlanir – vinnuleiðir

The screenshot shows the website interface for 'TOLLSTJÓRI FARMVERND'. The user is logged in as 'Jón Jónsson' with ID '799999999-7'. The navigation menu includes 'UMSÖKNIÐ', 'INNSIGLI', 'FARMVERNDARFULLTRÚAR', 'FARMVERNDARYFIRLÝSINGAR', 'FARMVERNDARÁÆTLANIR', and 'AÐGERÐIR'. Under 'FARMVERNDARÁÆTLANIR', there are two sub-options: 'Farmverndaráætlanir' and 'Starfsstöðvar'. A yellow box highlights the text: 'Á með unnið er með grunnáætlun, eru tveir möguleikar hér: Farmverndaráætlanir, Starfsstöðvar. Þegar tollstjóri er búinn að samþykka grunnáætlun, bætist þriðji möguleikinn við: Skrá starfsstöð'. An arrow points from the 'Starfsstöðvar' option to the yellow box.

III. GRUNNÁÆTLUN – FARMVERNDARÁÆTLUN FYRIRTÆKISINS

A. FORRÁÐAMAÐUR FYLLIR ÚT GRUNNÁÆTLUN

1. OPNA GRUNNÁÆTLUN

- Þegar forráðamaður fær tölvupóst þess efnis að fyrirtækið eigi að ganga frá farmverndaráætlun, er spurningalisti vegna grunnáætlunar fyrirtækisins tilbúinn á heimasvæði forráðamannsins á vef farmverndar.
- Forráðamaður tengist þá vef farmverndar. Músin er færð yfir liðinn *Farmverndaráætlanir* og síðan er smellt á undirliðinn *Farmverndaráætlanir* (útskýringar á þessum liðum eru hér að framan í skjalinu).
- Þegar smellt er á *Farmverndaráætlanir*, birtist yfirlitsmynd eins og skýringarmynd 3 hér að neðan.
- Smella má hjálparkn í skjámyndinni til að fá nánari upplýsingar um skjámyndina.
- Til að opna grunnáætlunina, á að smella á tengilinn *breyta* og þá gerist annað tveggja:
 - Þegar smellt er í fyrsta sinn, birtist sérstök skjámynd þar sem forráðamaður er beðinn um að kynna sér reglur um farmvernd. Sjá nánar í næstu grein.
 - Þegar smellt er eftir forráðamaður er búinn að staðfesta að hann hafi kynnt sér reglur um farmvernd, opnast farmverndaráætlunin.

Skýringarmynd 3: farmverndaráætlanir - yfirlit

The screenshot shows the search interface for 'TOLLSTJÓRI FARMVERND'. The user is logged in as 'Jón Jónsson' with ID '799999999-7'. The navigation menu is the same as in the previous image. The main content area has a heading 'Farmverndaráætlanir' and a sub-heading 'Hjálparkn'. Below this is a search form with 'Farmverndaráætlun númer:' and 'Staða áætlunar:' (with a dropdown menu set to '- veldu stöðu -'). A 'Leita' button is below the search fields. Below the search form is a table with columns: Númer, Raönr, Útgáfa, Forráðamaður, Fyrirtæki, Starfsstöð, Staða, and Frestur. The table contains one row: 223, 1, 1, 799999-9999 Jón Jónsson, 650269-7649 Tollstjóraembættið, Tryggvagötu 19, Í vinnslu hjá fyrirtæki 11.07.2008, breyta. A yellow box highlights the text: 'Þegar farmverndaráætlunum í yfirliti fjölgar, er hægt að takmarka yfirlitið með því að velja ákveðið númer og/eða stöðu og smella svo á hnappinn Leita.' An arrow points from this box to the 'Leita' button. Another yellow box highlights the text: 'Tengillinn breyta'. An arrow points from this box to the 'breyta' link in the table.

2. FORRÁÐAMAÐUR KYNNIR SÉR REGLUR UM FARMVERND

1. Áður en forráðamaður opnar farmverndaráætlun fyrirtækis í fyrsta sinn, þarf hann að kynna sér gildandi reglur um farmvernd. Í þeim tilgangi birtist skjámyndin hér að ofan.
2. Forráðamaður smellir á viðeigandi tengil í skjámyndinni og þá opnast skjal með gildandi reglum um farmvernd. Hægt er að prenta reglurnar út.
3. Þegar forráðamaður er búinn að kynna sér gildandi reglur um farmvernd, á að staðfesta það með því að smella á hnappinn *Staðfesta*.
4. Eftir það opnast farmverndaráætlunin og forráðamaður getur byrjað að svara spurningunum sem þar eru.

Skýringarmynd 4: forráðamaður kynnir sér reglur um farmvernd

Reglur nr. 529/2004 um farmvernd – forráðamaður þarf að kynna sér reglurnar

Kynna þér reglur um farmvernd
 Áður en þú byrjar að fylla út farmverndaráætlun, þarftu að kynna þér gildandi reglur nr. 529/2004 um farmvernd. Smella má **hér** til að opna skjal með reglunum og prenta þær út.

Staðfesta að þú hafir kynnt þér reglur um farmvernd
 Til að staðfesta að þú hafir kynnt þér reglur nr. 529/2004 um farmvernd, áttu að smella á hnappinn *Staðfesta* hér fyrir neðan. Að því loknu opnast farmverndaráætlunin sjálfkrafa.

Hnappurinn *Staðfesta*.

Hér á að smella til að opna skjal með reglum um farmvernd.

3. FARMVERNDARÁÆTLUN HAUS

1. Í haus grunnáætlunar eru upplýsingasvæði, sem númeruð eru frá 1 til 7. Spurningalistinn er í svæði númer 8. Þetta er sýnt í næstu skýringarmynd (skýringarmynd númer 5).
2. Hér er sérstök athygli vakin á svæðum númer 5 og 7.
 - Í svæði númer 5 eru upplýsingar um frestinn, sem forráðamaður hefur til að skila farmverndaráætluninni rafrænt til Tollstjórans í Reykjavík.
 - Í svæði númer 7 eru upplýsingar um heimilisfang starfsstöðvar. Þetta heimilisfang er alltaf það sama og lögheimili fyrirtækisins á meðan fyrirtæki og tollstjóri vinna með grunnáætlunina en getur svo breyst á seinni stigum. Því er lýst nánar síðar í skjalinu.
3. Þegar forráðamaður er byrjaður að vinna með grunnáætlunina, má fá nánari upplýsingar um einstök svæði, með því að smella á hjálpartáknin í svæðunum. Fyrir aftan yfirskriftina *Farmverndaráætlun – grunnáætlun* er hjálpartákn, sem smella má á til að fá nánari upplýsingar um farmverndaráætlunina í heild.

Skýringarmynd 5: grunnáætlun - haus

Hér sést hvort farmverndaráætlunin er grunnáætlun eða starfsstöðvaráætlun

Hjálp fyrir farmverndaráætlunina í heild.
 Síðan eru hjálparhnappar við einstök svæði.

1 Nafn fyrirtækis / Company Tollstjóraembættið		2 Kennitala / National registration number 650269-7649		3 Lögheimili / Domicile Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík	
4 Númer / Number 223	Útgáfa / Version 1	5 Frestur / Deadline 11.07.2008	6 Staða / Status Í vinnslu hjá fyrirtæki	7 Heimilisfang starfsstöðvar / Location of working plant Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík	
8 Spurningar					

4. FARMVERNDARÁÆTLUN – SPURNINGALISTI - ALMENNT

1. Í svæði númer átta eru 24 spurningar, sem forráðamaður þarf að svara. Spurningarnar eru settar fram á mismunandi hátt:
 - Sumum spurningum þarf aðeins að svara með því að merkja við Já eða Nei.
 - Öðrum þarf að svara með því að merkja í viðeigandi svæði.
 - Þar sem fellilista fylgir tilteknu svari, verður líka að velja viðeigandi svar í fellilistanum.

2. Þegar forráðamaður er byrjaður að vinna með grunnáætlunina, er hægt er að fá nánari skýringar á sumum spurningunum. Í þeim tilfellum er hjálpartákn fyrir aftan spurninguna. Fyrir aftan yfirskriftina *Farmverndaráætlun – grunnáætlun* er hjálpartákn, sem smella má á til að fá nánari upplýsingar um farmverndaráætlunina í heild.
3. Hér á eftir er gerð sérstök grein fyrir spurningu númer 13.
4. Þar á eftir er gerð sérstök grein fyrir spurningum númer 18 og 19, sem eru vegna starfsstöðva. Mikilvægt er að kynna sér það sem sagt er um þessar spurningar vegna þess að svörin stjórna því hvernig forráðamaður gerir grein fyrir starfsstöðvum í framhaldinu.

5. FARMVERNDARÁÆTLUN – SPURNINGALISTI – SPURNINGAR NÚMER 13 UM LAUSAN FARM

1. Í spurningu númer 13 er spurt hvort fyrirtækið flytji út lausan farm (ekki í gámum).
2. Svar við spurningunni stjórnar því hvort fyrirtækið þarf að svara spurningum númer 14 – 17.
3. Hægt er að svara spurningunni játandi eða neitandi:
 - Ef svar við spurningu númer 13 er *Já*, þarf jafnframt að svara spurningum númer 14 – 17.
 - Ef svar við spurningu númer 13 er *Nei*, lokast sjálfkrafa á spurningar númer 14 – 17 þar sem fyrirtækið þarf í því tilfalli ekki að svara spurningunum.

6. FARMVERNDARÁÆTLUN – SPURNINGALISTI – SPURNING NÚMER 18

1. Í spurningu númer 18 er spurt um fjölda starfsstöðva fyrirtækisins þar sem framfylgja þarf reglum um framkvæmd farmverndar.
2. Fyrirtækið þarf að senda tollstjóra eina starfsstöðvaráætlun fyrir hverja starfsstöð þar sem framfylgja þarf reglum um framkvæmd farmverndar. Svar við spurningu númer 18 hefur því áhrif á áframhaldandi vinnu forráðamanns vegna farmverndaráætlana.

7. FARMVERNDARÁÆTLUN – SPURNINGALISTI – SPURNING NÚMER 19

1. Í spurningu númer 19 er spurt hvort á lögheimili fyrirtækisins sé jafnframt starfsstöð þar sem framfylgja þarf reglum um framkvæmd farmverndar.
2. Svar við spurningunni stjórnar því hvort fyrirtækið þarf að svara spurningum númer 20 – 24 í grunnáætlun.
3. Hægt er að svara spurningunni játandi eða neitandi:
 - Ef svar við spurningu númer 19 er *Já*, gengur fyrirtækið strax frá starfsstöðvaráætlun fyrir starfsstöðina á lögheimili með því að svara spurningum númer 20 – 24 í grunnáætlun. Grunnáætlunin er þar með jafnframt starfsstöðvaráætlun fyrir starfsstöð á lögheimili.
 - Ef svar við spurningu númer 19 er *Nei*, lokast sjálfkrafa á spurningar númer 20 - 24 í grunnáætlun.

B. FORRÁÐAMAÐUR SENDIR FARMVERNDARÁÆTLUN TIL TOLLSTJÓRA

1. YFIRLIT YFIR FARMVERNDARÁÆTLANIR

1. Þegar forráðamaður er búinn svara öllum spurningum í svæði númer 8, sendir hann grunnáætlunina rafrænt til tollstjóra
2. Þegar búíð er að senda grunnáætlunina til tollstjóra, getur forráðamaður skoðað áætlunina en ekki breytt svörum.
3. Tengillinn í yfirliti yfir farmverndaráætlanir, sem heitir *breyta* á meðan forráðamaður vinnur með grunnáætlun, fær nýtt nafn og heitir nú *skoða*.

2. FARMVERNDARÁÆTLUN – BREYTT ÚTLIT

Þegar forráðamaður skoðar farmverndaráætlun, sem búíð er að senda til Tollstjórans í Reykjavík, hefur útlit áætlunarinnar breyst, sbr. næstu skýringarmynd (skýringarmynd 6):

- Staða áætlunar er nú *Í vinnslu hjá tollstjóra*.
- Svör forráðamanns birtast fyrir neðan hverja spurningu.

Skýringarmynd 6: forráðamaður skoðar farmverndaráætlun sem er í vinnslu hjá tollstjóra

TOLLSTJÓRI FARMVERND		Innskráður notandi: 799999999-7 Jón Jónsson Fyrirtæki: 650269-7649 Tollstjóraembættið Starfsheiti: Forráðamaður			
UMSÖKNIR	INNISGLI	FARMVERNDARFULLTRÚAR	FARMVERNDARYFIRLÝSINGAR	FARMVERNDARÁÆTLANIR	ADGERÐIR
Farmverndaráætlun - grunnáætlun					
Prentvæn útgáfa Sendir tölvupóstar Ferill áætlunar					
1 Nafn fyrirtækis / Company Tollstjóraembættið	2 Kennitala / National registration number 650269-7649	3 Lögheimili / Domicile Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík			
4 Númer / Number 223	Útgáfa / Version 1	5 Frestur / Deadline 11.07.2008	6 Staða / Status Í vinnslu hjá tollstjóra		
7 Heimilisfang starfsstöðvar / Location of working plant Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík					
8 Spurningar					
1 Vörusvið eða starfsemi, sem farmvernd fyrirtækisins tekur til. - Fiskafurðir.					
2 Er farmverndarfulltrúi fyrirtækis ávallt til staðar þegar varningi er hlaðið í gáma? - Já.					
3 Er fyrirtækið með virka öryggisáætlun þar sem framkvæmd farmverndar er hluti af öryggisáætluninni? - Já.					

C. TOLLSTJÓRI GERIR ATHUGASEMDIR VIÐ FARMVERNDARÁÆTLUN

1. ELDRI FARMVERNDARÁÆTLUN FELLD ÚR GILDI – NÝ ÁÆTLUN KEMUR Í STAÐINN

1. Það, sem sagt er hér á eftir, má sjá í næstu skýringarmynd (skýringarmynd 7).
2. Ef tollstjóri gerir athugasemdir við farmverndaráætlun, fellur sú útgáfa af áætluninni úr gildi.
 - Útgáfan fær stöðuna *Lokuð* í tölvukerfi farmverndar.
 - Forráðamaður getur skoðað lokaða útgáfu af farmverndaráætlun en ekki breytt henni.
3. Þegar eldri farmverndaráætlun fellur úr gildi, býr tölvukerfið til nýja útgáfu af farmverndaráætluninni.
 - Upplýsingar úr eldri útgáfu eru fluttar yfir í nýju útgáfuna.
 - Nýja útgáfan fær nýtt útgáfunúmer, sem er einum hærra en útgáfunúmerið á áætluninni, sem felld var úr gildi.
 - Forráðamaður opnar nýju útgáfuna og svarar að nýju þeim spurningum, sem tollstjóri gerði athugasemdir við.
 - Að því loknu er leiðréttu farmverndaráætlunin send rafrænt til tollstjórans í Reykjavík.

2. YFIRLIT YFIR FARMVERNDARÁÆTLANIR

Öll útgáfunúmer farmverndaráætlunarinnar birtast núna á yfirlitinu yfir farmverndaráætlanir, eins og sést á næstu skýringarmynd (skýringarmynd 7).

Skýringarmynd 7: tollstjóri samþykkir tiltekin svör en gerir athugasemdir við önnur

TOLLSTJÓRI
FARMVERND

Utskráning
Innskráður notandi: 7999999999-7 Jón Jónsson
Fyrirtæki: 650269-7649 Tollstjóraembættið
Starfsheiti: Forráðamaður

TÍMSÓKNIR | BÍLSÍGLI | FARMVERNDARÆTLANIR | TÖLUR | FARMVERNDARÆTLANIR | FARMVERNDARÆTLANIR | FARMVERNDARÆTLANIR | AÐGERÐIR

Farmverndaráætlanir ⓘ

Farmverndaráætlun númer:

Staða áætlunar:

Númer	Raðnr	Útgáfa	Forráðamaður	Fyrirtæki	Starfsstöð	Staða	Frestur
223	1	2	799999-9999 Jón Jónsson	650269-7649 Tollstjóraembættið	Tryggvagötu 19	Athugasemdir sendar fyrirtæki	11.07.2008 breyta skoða
223	1	1	799999-9999 Jón Jónsson	650269-7649 Tollstjóraembættið	Tryggvagötu 19	Útgáfa lokuð	

Eldri útgáfa af farmverndaráætlun felld úr gildi:

- Staða verður *Útgáfa lokuð*.
- Forráðamaður getur skoðað útgáfuna með því að smella á *skoða*.
- Forráðamaður getur ekki breytt lokuðu útgáfunni.

Ný útgáfa af farmverndaráætlun mynduð:

- Staða verður *Athugasemdir sendar fyrirtæki*.
- Útgáfunúmer er einum hærra en á fyrri áætlun.
- Forráðamaður getur opnað nýju útgáfuna til að leiðrétta svör með því að smella á tengilinn *breyta*.

3. FARMVERNDARÁÆTLUN - ÚTLIT

Í næstu skýringarmynd (skýringarmynd 8) sést hvernig farmverndaráætlunin lítur út þegar tollstjóri hefur samþykkt svör við sumum spurningum en gert athugasemdir við svör við öðrum.

Skýringarmynd 8: tollstjóri samþykkir tiltekin svör en gerir athugasemdir við önnur

Tollstjóri samþykkir ekki svar

- Bakgrunnur er grár.
- Upplýsingar um að tollstjóri hafi ekki samþykkt svar eru birtar með rauðu letri.
- Athugasemdir, sem tollstjóri gerir við svar, eru birtar með rauðu letri.

Tollstjóri samþykkir svar:

- Bakgrunnur er blár.
- Upplýsingar um að tollstjóri hafi samþykkt svar.

D. TOLLSTJÓRI SAMÞYKKIR FARMVERNDARÁÆTLUN

1. TÖLVUPÓSTUR

Þegar tollstjóri samþykkir farmverndaráætlun, fær forráðamaður tölvupóst um það.

2. YFIRLIT YFIR FARMVERNDARÁÆTLANIR OG ÚTLIT FARMVERNDARÁÆTLUNAR

Þegar tollstjóri samþykkir farmverndaráætlun, þarf að hafa eftirfarandi atriði í huga:

1. Staða farmverndaráætlunar breytist í *Samþykkt*. Þær upplýsingar birtast í yfirlitsmynd yfir farmverndaráætlanir og í farmverndaráætluninni sjálfri.
2. Forráðamaður getur skoðað farmverndaráætlun, sem búið er að samþykkja, en ekki breytt henni. Í samþykktu farmverndaráætluninni sjást svör forráðamanns og tollstjóra.
3.
 1. Í yfirlitsmyndinni hér á eftir eru upplýsingar um þau atriði, sem breytast í farmverndaráætlun, þegar búið er að samþykkja hana.

IV. STARFSSTÖÐVAR OG STARFSSTÖÐVARÁÆTLANIR

A. ALMENNT

Til að byrja með eru hér endurtekin nokkur atriði um starfsstöðvar, sem einnig eru tilgreind framar í leiðbeiningunum.

1. STARFSSTÖÐ

Þegar talað er um starfsstöð í sambandi við farmvernd, er átt við einstaka vinnustaði fyrirtækis þar sem framfylgja þarf reglum um framkvæmd farmverndar.

2. STARFSSTÖÐ MED AÐSETUR Á LÖGHEIMILI FYRIRTÆKIS

Ef fyrirtæki er með starfsstöð á lögheimili, er eyðublaðið vegna grunnáætlunar jafnframt notað til að útbúa strax starfsstöðvaráætlun fyrir starfsstöðina á lögheimili. Starfsstöðvaráætlun fyrir starfsstöð á lögheimili er þannig send rafrænt til tollstjóra á sama eyðublaði og grunnáætlunin. Ekki þarf að gera frekari grein fyrir þeirri starfsstöð.

Leiðbeiningar hér á eftir eiga því ekki við um starfsstöðvar með aðsetur á lögheimili fyrirtækis.

3. STARFSSTÖÐ SEM EKKI ER MED AÐSETUR Á LÖGHEIMILI FYRIRTÆKIS

Ef fyrirtæki er með eina eða fleiri starfsstöðvar með aðsetur annars staðar en á lögheimili, þarf forráðamaður að skrá upplýsingar um aðsetur starfsstöðva(r) og fylla út starfsstöðvaráætlun fyrir hverja starfsstöð. Upplýsingar um aðsetur starfsstöðva og starfsstöðvaráætlanir eru sendar rafrænt til tollstjóra. Engar upplýsingar eru sendar til tollstjóra á pappír.

Leiðbeiningarnar hér á eftir eiga við um svona starfsstöðvar, þ.e. starfsstöðvar sem eru ekki með aðsetur á sama stað og lögheimili fyrirtækisins er.

4. STARFSSTÖÐVARÁÆTLUN

- Starfsstöðvaráætlun er farmverndaráætlun fyrir tiltekna starfsstöð.
- Í starfsstöðvaráætlun eru fimm spurningar, númeraðar frá 20 til 24, sem forráðamaður þarf að svara um framkvæmd farmverndar í starfsstöðinni.
- Fyrirtækið er áður búið að fylla út grunnáætlun, þar sem svarar spurningum númer 1 - 19 um framkvæmd farmverndar hjá fyrirtækinu í heild. Þau svör eru því sameiginleg fyrir allar starfsstöðvar fyrirtækisins og gilda því um framkvæmd farmverndar í einstökum starfsstöðvum þó að ekki þurfi að endurtaka þau svör í hverri starfsstöðvaráætlun

B. FORRÁÐAMAÐUR SKRÁIR UPPLÝSINGAR UM STARFSSTÖÐ**1. EKKI HÆGT AÐ SKRÁ STARFSSTÖÐ FYRR EN TOLLSTJÓRI ER BÚINN AÐ SAMÞYKKJA GRUNNÁÆTLUN**

- Grunvallaratriði, sem forráðamaður þarf að hafa í huga, er að ekki er hægt að skrá upplýsingar um starfsstöðvar fyrr en tollstjóri er búinn að samþykkja grunnáætlun fyrirtækisins.
- Leiðbeiningarnar hér á eftir eiga því við þegar tollstjóri er búinn að samþykkja grunnáætlun fyrirtækisins.

2. FORRÁÐAMAÐUR TENGIST HEIMASVÆÐI

- Ef fyrirtæki er með starfsstöð(var) þar sem aðsetur er ekki á sama stað og lögheimili fyrirtækisins, birtist áminning þess efnis að forráðamaður þurfi að skrá upplýsingar um starfsstöðvar, sbr. næstu skýringarmynd (skýringarmynd 9).
- Áminningin birtist ekki fyrr en tollstjóri er búinn að samþykkja grunnáætlun.
- Áminningin birtist bara í fyrsta sinn, sem forráðamaður tengist heimasvæðinu eftir að tollstjóri er búinn að samþykkja grunnáætlun

Skýringarmynd 9: áminning – skrá starfsstöð(var)

TOLLSTJÓRI FARMVERND Útskráning
Innskráður notandi: 799999999-7 Jón Jónsson
Fyrirtæki: 650269-7649 Tollstjóraembættið
Starfsheiti: Forráðamaður

UMSÓKNIR | INNSIGI | FARMVERNDARFILL | TRÍÁR | FARMVERNDARYFIRI ÝSINGAR | FARMVERNDARÁFTI ANIR | AÐGERÐIR

Umsjónarvefur

Ábending til forráðamanns um að skrá strax starfsstöðvar fyrirtækisins.

Þú átt eftir að skrá upplýsingar um 4 starfsstöðvar. **Fjöldi óskráðra starfsstöðva**
Veldu lióinn *Farmverndaráætlanir* og þar undir lióinn *Skrá starfsstöð*.

3. VINNULEIÐ Á VEF FARMVERNDAR

Valin er vinnuleiðin *Farmverndaráætlanir* og þar undir liðurinn *Skrá starfsstöð*. Þá birtist ný skjámynd, þar sem forráðamaður skráir upplýsingar um aðsetur starfsstöðvar. Sjá nánar í næsta lið.

4. SKRÁ AÐSETUR STARFSSTÖÐVAR OG SENDA UPPLÝSINGAR TIL TOLLSTJÓRA

Í skjámyndinni, sem birtist, skráir forráðamaður upplýsingar um aðsetur starfsstöðvarinnar. Að því loknu eru upplýsingarnar sendar rafrænt til Tollstjórans í Reykjavík með því að smella á aðgerðarhnappinn *Skrá starfsstöð*. Sjá nánar í næstu skýringarmynd (skýringarmynd 10).

Skýringarmynd 10: skrá og senda tollstjóra upplýsingar aðsetur starfsstöðvar

TOLLSTJÓRI FARMVERND Útskráning
Innskráður notandi: 799999999-7 Jón Jónsson
Fyrirtæki: 650269-7649 Tollstjóraembættið
Starfsheiti: Forráðamaður

UMSÓKNIR | INNSIGI | FARMVERNDARFULLTRÚAR | FARMVERNDARYFIRLÝSINGAR | FARMVERNDARÁÆTLANIR | AÐGERÐIR

Skrá starfsstöð

Til að skrá og senda tollstjóra upplýsingar um starfsstöð, þarf að skrá inn upplýsingar um heimilisfang starfsstöðvar og velja svo póstnúmer starfsstöðvarinnar úr fellista. Að því loknu á að smella á hnappinn *Skrá starfsstöð*.

Þegar búið er að skrá starfsstöð, birtist ný skjámynd, þar sem fylla þarf út farmverndaráætlun fyrir starfsstöðina. Í farmverndaráætlun starfsstöðvar þarf einungis að svara spurningum númer 20 – 24 vegna þess að svörin við spurningum númer 1 – 19 í grunnfarmverndaráætlun gilda fyrir allar starfsstöðvar.

Jafnframt er sendur sérstakur tölvupóstur til að minna á farmverndaráætlun vegna starfsstöðvar.

Heimilisfang: **Skrá upplýsingar um heimilisfang starfsstöðvar**

Póstnúmer: **Velja póstnúmer starfsstöðvar úr fellista**

Senda upplýsingar um starfsstöð til tollstjóra

C. FORRÁÐAMAÐUR FYLLIR ÚT STARFSSTÖÐVARÁÆTLUN

1. SKRÁ STARFSSTÖÐVARÁÆTLUN

- Þegar búið er að smella á aðgerðarhnappinn *Skrá starfsstöð*, birtist sjálfkrafa ný skjámynd þar sem forráðamaður fyllir út starfsstöðvaráætlun.
- Í starfsstöðvaráætlun eru fimm spurningar, númeraðar frá 20 til 24, sem forráðamaður þarf að svara um framkvæmd farmverndar í starfsstöðinni.
- Í skjámyndum er hjálpartákn, sem smella má á til fá nánari upplýsingar. Einnig er hægt að smella [hér](#) til að ná í sérstakt hjálpartákn með nánari upplýsingum um starfsstöðvaráætlunir.

D. FORRÁÐAMAÐUR SENDIR STARFSSTÖÐVARÁÆTLUN TIL TOLLSTJÓRA**1. STARFSSTÖÐVARÁÆTLUN SEND TIL TOLLSTJÓRA**

- Þegar forráðamaður er búinn svara spurningum númer 20 – 24 í starfsstöðvaráætlun, sendir hann áætlunina rafrænt til tollstjóra.
- Þegar búið er að senda starfsstöðvaráætlun til tollstjóra, getur forráðamaður skoðað áætlunina en ekki breytt svörum.

2. STARFSSTÖÐVARÁÆTLUN – BREYTT ÚTLIT

Þegar forráðamaður skoðar starfsstöðvaráætlun, sem búið er að senda til Tollstjórans í Reykjavík, hefur útlit áætlunarinnar breyst. Það sama og sagt er hér fyrir í leiðbeiningunum um breytingar á útliti grunnáætlunar á við um starfsstöðvaráætlanir.

3. YFIRLIT YFIR GRUNNÁÆTLANIR OG STARFSSTÖÐVARÁÆTLANIR

1. Grunnáætlanir og starfsstöðvaráætlanir birtast í yfirliti yfir farmverndaráætlanir, sbr. næstu skýringarmynd (skýringarmynd 11)
2. Tengillinn í yfirliti yfir farmverndaráætlanir, sem heitir *breyta* á meðan forráðamaður vinnur með grunnáætlun, fær nýtt nafn og heitir nú *skoða*.

Skýringarmynd 11 – yfirlit yfir farmverndaráætlanir þegar starfsstöðvaráætlanir hafa bæst við

Númer	Raonr	Útgáfa	Forráðamaður	Fyrirtæki	Starfsstöð	Staða	Frestur
226	1	1	799999-9999 Jón Jónsson	650269-7649	Tollstjóraembættið Héðinegata 10	Í vinnslu hjá tollstjóra	13.07.2008 skoða
225	1	1	799999-9999 Jón Jónsson	650269-7649	Tollstjóraembættið Skúlagata 17	Í vinnslu hjá tollstjóra	13.07.2008 skoða
223	1	2	799999-9999 Jón Jónsson	650269-7649	Tollstjóraembættið Tryggvagötu 19	Sambýkkt	skoða
223	1	1	799999-9999 Jón Jónsson	650269-7649	Tollstjóraembættið Tryggvagötu 19	Útgáfa lokuð	skoða

E. YFIRLIT YFIR STARFSSTÖÐVAR OG SKOÐA STARFSSTÖÐVAR NÁNAR

- Forráðamaður getur sótt yfirlit yfir starfsstöðvar fyrirtækisins, sem búið er að skrá á vef farmverndar.
- Vinuleiðin er *Farmverndaráætlanir* og þar undir liðurinn *Starfsstöðvar*.
- Þá birtist yfirlit yfir starfsstöðvar, sbr. næstu skýringarmynd (skýringarmynd 12).
- Í skjámyndinni er hjálpartákn, sem smella má á til fá nánari upplýsingar. Einnig má smella [hér](#) til að ná í sérstakt hjálpartákn með nánari upplýsingum um yfirlit yfir starfsstöðvaráætlanir.

Skýringarmynd 12: yfirlit yfir starfsstöðvar

TOLLSTJÓRI FARMVERND

Innskráður notandi: 799999999-7 Jón Jónsson
Fyrirtæki: 650269-7649 Tollstjóraembættid
Starfsheiti: Forráðamaður

Starfsstöðvar

Heimilisfang	Póstnúmer	Farmverndaráætlun	Staða
Tryggvagötu 10	101	Grunnáætlun	Samþykkt <i>nánar</i>
Skúlagata 17	101	Starfsstöðvaráætlun	Ósamþykkt <i>nánar</i>
Héðinsgata 10	105	Starfsstöðvaráætlun	Ósamþykkt <i>nánar</i>

Tengillinn *nánar* til að skoða upplýsingar um starfsstöð

Staða starfsstöðvar

Hér sést hvort farmverndaráætlun var send inn með grunnáætlun eða sem sérstök starfsstöðvaráætlun

- Ef smellt er á tengilinn *nánar*, birtist ný skjámynd með upplýsingum um starfsstöð, sbr. næstu skýringarmynd (skýringarmynd 13)
- Í skjámyndinni er hjálpartákn, sem smella má á til fá nánari upplýsingar. Einnig má smella [hér](#) til að ná í sérstakt hjálpartákn með nánari upplýsingum um yfirlit yfir starfsstöðvaráætlanir.

Skráningarmynd 13: skoða einstakar starfsstöðvar *nánar*

TOLLSTJÓRI FARMVERND

Innskráður notandi: 799999999-7 Jón Jónsson
Fyrirtæki: 650269-7649 Tollstjóraembættid
Starfsheiti: Forráðamaður

Starfsstöð

Sendir tölvupóstur Ferill starfsstöðvar

Fyrirtæki: 650269-7649 Tollstjóraembættid
Heimilisfang starfsstöðvar: Skúlagata 17
Póstnúmer starfsstöðvar: 101 Reykjavík
Farmverndaráætlun: Starfsstöðvaráætlun
Staða: Ósamþykkt
Skráð dags: 29.06.2008 12:50

Upplýsingar um starfsstöð

Tveir tenglar; smella til að skoða tölvupósta eða feril

Farmverndaráætlanir

Áætlun númer	Raðnr.	innan starfsst.	Útgáfa	Frestur	Staða
225	1	1	13.07.2000		Í vinnslu hjá tollstjóra <i>skoða</i>

Aftur í lista

Upplýsingar um farmverndaráætlanir vegna starfsstöðvarinnar, þ.e. starfsstöðvaráætlanir

F. TOLLSTJÓRI YFIRFER UPPLÝSINGAR UM AÐSETUR STARFSSTÖÐVAR

Tollstjóri yfirfer nú innsendar upplýsingarnar um aðsetur starfsstöðvarinnar. Þá getur tvennt gerst: annaðhvort samþykkir tollstjóri upplýsingarnar eða gerir athugasemdir við þær. Þessu er lýst *nánar* í næstu liðum.

1. TOLLSTJÓRI SAMÞYKKIR UPPLÝSINGAR UM AÐSETUR STARFSSTÖÐVAR

Ef tollstjóri samþykkir upplýsingar um aðsetur starfsstöðvar, fær forráðamaður tölvupóst þess efnis að upplýsingarnar hafi verið samþykktar.

2. TOLLSTJÓRI GERIR ATHUGASEMDIR VIÐ UPPLÝSINGAR UM AÐSETUR STARFSSTÖÐVAR

Ef tollstjóri samþykkir ekki upplýsingar um aðsetur starfsstöðvar, fær forráðamaður tölvupóst með athugasemdum tollstjóra. Forráðamaður þarf að yfirfara athugasemdir tollstjóra og bregðast við á viðeigandi hátt, sbr. næstu grein.

3. FORRÁÐAMAÐUR LEIÐRÉTTIR UPPLÝSINGAR UM AÐSETUR STARFSSTÖÐVAR

- Valin er vinnuleiðin *Farmverndaráætlanir* og síðan *Starfsstöðvar*.
- Þá birtist yfirlit yfir starfsstöðvar, sbr. næstu skýringarmynd (skýringarmynd 15).
- Staðan á starfsstöðinni, sem tollstjóri gerir athugasemdir við, er núna *Í bið*.
- Forráðamaður smellir núna á tengilinn *nánar* til að kalla fram upplýsingar um starfsstöðina.
- Þá birtist ný skjámynd með upplýsingum um starfsstöðina, sbr. þarnaestu skýringarmynd (skýringarmynd 16).
- Í skjámyndinni með upplýsingum um starfsstöðina (skýringarmynd 16) hefur forráðamaður um tvær vinnuleiðir að velja:
 - Smella á tengilinn *Breyta starfsstöð*. Ef það er gert, birtist sams konar skjámynd og sú sem birtist þegar forráðamaður skráði upplýsingar um starfsstöðina. Þó er sá munur á, að upplýsingarnar sem áður var búið að skrá um starfsstöðina birtast í skjámyndinni. Nú leiðréttir forráðamaður upplýsingarnar í samræmi við athugasemdir tollstjóra og sendir þær aftur til tollstjóra.
 - Smella á tengilinn *Staðfesta breytingu á starfsstöð*. Ef það er gert, samþykkir forráðamaður breytingar sem tollstjóri gerði á upplýsingum um starfsstöðina, sbr. upplýsingar sem fram komu í tölvupósti.

Skýringarmynd 14: yfirlit yfir starfsstöðvar – tollstjóri gerir athugasemdir

TOLLSTJÓRI FARMVERND Utskráning
Innskráður notandi: 799999999-7 Jón Jónsson
Fyrirtæki: 650269-7649 Tollstjóraembættið
Starfsheiti: Forráðamaður

UMSÓKNIR | INNSIGLI | FARMVERNDARFULLTRÚAR | FARMVERNDARYFIRLÝSINGAR | FARMVERNDARÁÆTLANIR | AÐGERDIR

Starfsstöðvar

Heimilisfang	Póstnúmer	Farmverndaráætlun	Staða
Tryggvagötu 19	101	Grunnáætlun	Samþykkt <i>nánar</i>
Skúlagata 17	101	Starfsstöðvaráætlun	Í bið <i>nánar</i>
Héðinsgata 10	105	Starfsstöðvaráætlun	Ósamþykkt <i>nánar</i>

Forráðamaður smellir á *nánar* til að leiðrétta skráningu á starfsstöð.

Tollstjóri gerir athugasemdir við skráningu starfsstöðvar. Staða starfsstöðvar er *Í bið*.

Skýringarmynd 15: forráðamaður leiðréttir skráningu á starfsstöð

TOLLSTJÓRI FARMVERND Utskráning
Innskráður notandi: 799999999-7 Jón Jónsson
Fyrirtæki: 650269-7649 Tollstjóraembættið
Starfsheiti: Forráðamaður

UMSÓKNIR | INNSIGLI | FARMVERNDARFULLTRÚAR | FARMVERNDARYFIRLÝSINGAR | FARMVERNDARÁÆTLANIR | AÐGERDIR

Starfsstöð Sendir tölvupóstur Ferill starfsstöðvar

Fyrirtæki: 650269-7649 Tollstjóraembættið
 Heimilisfang starfsstöðvar: Skúlagata 17
 Póstnúmer starfsstöðvar: 101 Reykjavík
 Farmverndaráætlun: Starfsstöðvaráætlun
 Staða: Í bið
 Skráð dags: 29.06.2008 12:50

Breyta starfsstöð Staðfesta breytingu á starfsstöð

Forráðamaður smellir á viðeigandi tengil:

- *Breyta starfsstöð*: til að leiðrétta skráningu.
- *Staðfesta breytingu á starfsstöð*: til að staðfesta breytingar tollstjóra

Farmverndaráætlanir

Áætlun númer	Raðnr. innan starfsst.	Útgáfa	Frestur	Staða
225	1	1	13.07.2008	Í vinnslu hjá tollstjóra skoða

Aftur í lista

G. TOLLSTJÓRI YFIRFER UPPLÝSINGAR UM STARFSSTÖÐVARÁÆTLUN

Passa þarf að rugla ekki saman tvenns konar upplýsingum, sem forráðamaður skráir um starfsstöðvar – annarvegjar aðsetri starfsstöðvar og hinsvegjar starfsstöðvaráætluninni, sem er farmverndaráætlun vegna starfsstöðvarinnar.

Hér að framan var því lýst hvernig tollstjóri og forráðamaður vinna saman að því að ljúka skráningu á upplýsingum um aðsetur starfsstöðvar. Þeirri samvinnu lýkur með að tollstjóri samþykkir upplýsingar um aðsetur starfsstöðvar.

Þegar búið er að samþykka upplýsingar um aðsetur starfsstöðvar, þarf tollstjóri að yfirfara starfsstöðvaráætlunina, þ.e. farmverndaráætlunina vegna starfsstöðvarinnar.

Þegar tollstjóri yfirfer starfsstöðvaáætlunina, getur tvennt gerst: annaðhvort samþykkir tollstjóri upplýsingarnar eða gerir athugasemdir við þær. Þessu er lýst nánar í næstu liðum.

1. TOLLSTJÓRI SAMÞYKKIR UPPLÝSINGAR UM STARFSSTÖÐVARÁÆTLUN

Ef tollstjóri samþykkir starfsstöðvaráætlun, fær forráðamaður tölvupóst þess efnis að starfsstöðvaráætlunin hafi verið samþykkt.

2. TOLLSTJÓRI GERIR ATHUGASEMDIR VIÐ STARFSSTÖÐVARÁÆTLUN

Framar í þessu skjali er gerð grein vinnulagi forráðamanns, ef tollstjóri gerir athugasemdir við grunnáætlun. Þær upplýsingar eiga einnig við, ef tollstjóri gerir athugasemd við starfsstöðvaráætlun, vegna þess að vinnulag forráðamanns er hið sama hvort sem farmverndaráætlunin er grunnáætlun eða starfsstöðvaráætlun.